



Starfsmenn Íslenskra verðbréfa hf. á 20 ára afmælinu. Frá vinstri: Sigurbjörg, Þorvaldur, Sveinn Torfi, Ottó, Ásgeir, Valdimar, Arne Vagn, Hafsteinn, Erla, Guðmundur, Jón Helgi, Unnur, Sævar, Sigurvin, Guðrún og Björn Snær. Á myndina vantar Björn G. og Stefán.

20 ára afmæli Íslenskra verðbréfa hf.

Íslensk verðbréf hf. var stofnað árið 1987 og fagnar því 20 ára afmæli á árinu. Félagið varð til að frumkvæði Kaupþings, Akureyrarbæjar og KEA auk þess sem nokkrir sparisjóðir á landsbyggðinni komu að stofnun þess. Í upphafi var félaginu ætlað að þjónusta heimamenn varðandi viðskipti með spariskirteini ríkissjóðs og ríkisvíxla svo fátt eitt sé nefnt. Nú 20 árum síðar er Íslensk verðbréf hf. orðið öflugt

eignastýringarfyrirtæki með rúmlega 90 milljarða króna í stýringu fyrir viðskiptavinum sínum. Í fréttabréfinu er m.a. að finna sögu félagsins í máli og myndum ásamt kveðjum frá Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, bæjarstjóra á Akureyri og Pétri Blöndal, fyrsta stjórnarformanni félagsins. Erla Hólmsteinsdóttir, sem hefur starfað hjá félaginu frá upphafi, lítur jafnframt yfir farinn veg.

Afmælisgetraun... **bls. 8**

90 milljarða markinu náð...
bls. 9

Sjóðir Íslenskra verðbréfa hf.

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV er traustur kostur fyrir þá sem vilja spara til lengri tíma. Fjárfest er í markaðsverðbréfum útgefnum af ríkissjóði og Íbúðalánasjóði. Ávöxtun sjóðsins ræðst af aðstæðum á skuldabréfamarkaði á hverjum tíma.

Skuldabréfasjóður ÍV

Skuldabréfasjóður ÍV er góður kostur fyrir fjárfesta sem vilja jafna og stöðuga ávöxtun. Fjárfest er í ríkis- og bankatrygðum skuldabréfum og víxlum og skuldabréfum sveitarfélaga og traustra fyrirtækja.

Peningamarkaðssjóður ÍV

Peningamarkaðssjóður ÍV hentar vel til skemmri tíma ávöxtunar hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Enginn kostnaður er tengdur viðskiptum með sjóðinn. Fjárfest er í ríkistrygðum verðbréfum, verðbréfum fjármálafyrirtækja, víxlum og skuldabréfum traustra sveitarfélaga og fyrirtækja.

Heimssjóður ÍV

Heimssjóður ÍV er sjóðasjóður og hentar þeim sem vilja fjárfesta í erlendum verðbréfum með góðri áhættudreifingu. Sveiflur á gengi sjóðsins geta verið töluverðar í takt við breytingar á erlendum hlutabréfamörkuðum. Einnig getur ávöxtun sjóðsins í ISK sveiflast nokkuð vegna styrkingar eða veikingar íslensku krónunnar.

Hlutabréfasjóður ÍV

Hlutabréfasjóður ÍV hentar þeim sem vilja fjárfesta í íslenskum hlutabréfum með góðri áhættudreifingu. Fyrst og fremst er fjárfest í veltumestu félögum skráðum í Kauphöll Íslands á hverjum tíma.

Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV

Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV fjárfestir í traustum alþjóðlegum skuldabréfum og nýtir vaxtamun milli Íslands og annarra landa til að auka ávöxtun. Sveiflur á gengi gjaldmiðla hafa ekki áhrif á ávöxtun sjóðsins.

Alþjóðlegur hávaxtasjóður ÍV

Alþjóðlegur hávaxtasjóður ÍV fjárfestir í alþjóðlegum hávaxtabréfum (e. high yield) og nýtir vaxtamun milli Íslands og annarra landa til að auka ávöxtun. Sveiflur á gengi gjaldmiðla hafa ekki áhrif á ávöxtun sjóðsins.

12. árgangur 1. tbl. Apríl 2007

Ábyrgðarmaður: Sævar Helgason

Ritstjóri: Arne Vagn Olsen

Hönnun og umbrot: Stíll auglýsingastofa

Prófarkalestur: FREMRI - Almanntengsl

Ljósmyndir: Páll A. Pálsson og fleiri

Útgefandi: Íslensk verðbréf hf.

Netfang: iv@iv.is

Veffang: www.iv.is

Prentun: Ásprent Akureyri

Upplag: 30.000 eintök

11 24-6923 Sjámannaf. Byjufjarðar,

Skilpagaötu 13, 600 Akureyri.

eða sá, sem á löglegan hátt eignast hlutabréf þetta, er eigandi að

eitt hundrað þúsund krónum

Útgerðarfélag Akureyringa hf. er skráð og hefur verið stofnað og er skráð í Útgerðarfélag Akureyringa hf. og hefur verið stofnað og er skráð í Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Þyktir félagsins ákveða eins og þær eru nú og eins og þær kunna að verða gerðar síðar á lögmatan hátt.

Þyktir félagsins eru upphaflega dagsettar 26. maí 1945 og eru prentaðar á hlutabréf þetta með áorðnum breytingum

Akureyri, 1. nóvember 1982

Í stjórnum Útgerðarfélags Akureyringa hf.



Íslensk verðbréf hf. - í þína þágu

Verðmætasta eign félagsins er mannauðurinn



Árið 2007 er tímamótaár í sögu Íslenskra verðbréfa hf. Félagið var stofnað þann 11. apríl 1987 og verður því 20 ára á árinu og óhætt að fullyrða að það sé orðið rötgróið á íslenskum fjármálamarkaði. Til samanburðar er hægt að rifja upp að Verðbréfafélag Íslands var stofnað árið 1985, fyrsta viðskiptakerfið var tekið í notkun árið 1989 og fyrstu hlutabréfin voru skráð árið 1990. Viðskipti með verðbréf voru ekki algeng á þessum

tíma en íslenskur verðbréfamarkaður tók að þróast á 10. áratugnum. Því má með sanni segja að Íslensk verðbréf hf. hafi verið starfandi frá árdögum íslensks verðbréfamarkaðar. Á þessu tímabili hefur starfsfólk félagsins öðlast mikla þekkingu og reynslu á verðbréfamarkaði og þeim ávöxtunarleikum sem bjóðast sparifjäreigendum í dag.

Eins og fram kemur í fréttabréfinu hefur mikið vatn runnið til sjávar á þeim 20 árum sem félagið hefur starfað. Í dag er Íslensk verðbréf hf. sérhæft eignastýringarfyrtæki sem stýrir ríflega 90 milljörðum króna fyrir hönd viðskiptavina sinna. Markmið þessa árs er að eignir í stýringu fari yfir 100 milljarða króna. Meðal viðskiptavina eru einstaklingar, margir af stærstu

lífeyrissjóðum landsins, fyrirtæki og sjóðir. Félagið býður upp á fjölbreytt úrval ávöxtunarleika sem koma til móts við ólíkar þarfir viðskiptavina. Sem dæmi má nefna sjö deildir í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, klæðskerasniðnar lausnir í sérgreindum eignasöfnum, fjölbreytta flóru erlendra sjóða og ýmsar vörur sem þróaðar hafa verið í samstarfi við viðskiptavinum félagsins.

Íslensk verðbréf bjóða viðskiptavinum sínum þjónustu á öllum helstu sviðum verðbréfaviðskipta svo sem á sviði fjárvörslu, eignastýringar, verðbréfamiðlunar, sjóðastýringar og almennrar ráðgjafar við val á ávöxtunarleikum. Markmið félagsins er að stýra sparnaði og fjárfestingum með hámarksárangri að teknu tilliti til áhættu. Starfsmenn leggja einnig áherslu á uppbyggingu trúnaðarsambanda og góða, trausta og persónulega þjónustu.

Hjá félaginu starfa 18 manns með víðtæka sérfræðipækkingu og reynslu af störfum á fjármálamarkaði, vel menntað fólk sem þekkir vel til á markaðinum og er í samvinnu við aðra sem gerþekkingu aðstæður á fjarlægari mörkuðum. Verðmætasta eign félagsins er því sá mannauður sem það hefur eignast á undanförunum 20 árum.

Við tökum vel á móti þér.

Sævar Helgason
framkvæmdastjóri
saevar@iv.is



Fyrsta merki félagsins. Merkið var notað fram til ársins 1997.



Annað merki félagsins. Merkið var notað fram í janúar árið 2000 þegar nýtt nafn og núverandi merki félagsins kom til sögunnar.



Núverandi merki félagsins.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

Íslensk verðbréf hf. 20 ára - stiklað á stóru

1987

Forveri Íslenskra verðbréfa hf., Kaupþing Norðurlands hf., var stofnað 11. apríl. Félagið hefur rekstur að Ráðhústorgi 5 á Akureyri. Andrea Rafnar ráðin framkvæmdastjóri tímabundið en Jón Hallur Pétursson tekur við starfinu síðar á árinu. Pétur Blöndal er kjörinn formaður stjórnar. Starfsmenn eru 2, annar þeirra er Erla Hólmsteinsdóttir sem starfar enn hjá félaginu.



Kaupvangsstræti 2, aðsetur félagsins á árunum 1992 til 1997

1988

Hluthafalisti er óbreyttur frá stofnun; Kaupþing á 55% hlut, Kaupfélag Eyfirðinga og Akureyrarbær 15% hvor aðili og 7 sparisjóðir á Norðurlandi eiga hver um sig 2-3%.

1989

Starfsemin flutt að Ráðhústorgi 1.

1990

Hlutafjárútbóð fyrir ÚA og Sæplast í samstarfi við Kaupþing. Starfsmenn eru 3.



Friðrik Friðriksson, Sigrún Skarphéðinsdóttir og Sveinn Torfi Pálsson

1991

Hlutabréfasjóður Norðurlands stofnaður. Guðmundur Hauksson kjörinn formaður stjórnar.

1992

Flutt í Kaupvangsstræti 4. Hlutafjárútbóð fyrir KEA í samvinnu við Kaupþing.



Framkvæmdastjóri ásamt stjórn árið 1997

1993

Hlutafjárútbóð fyrir ÚA og Hlutabréfasjóð Norðurlands. Starfsmenn eru 4.

1994

Hlutafjárútbóð fyrir KEA og Hlutabréfasjóð Norðurlands. Skuldabréfaútbóð fyrir nokkur sveitarfélög á Norðurlandi. Starfsmenn eru 5.



Starfsmenn ÍV á 10 ára afmæli félagsins árið 1997

1995

Félagið fær löggildingu sem verðbréfafyrirtæki og gerist aðili að Verðbréfaþingi Íslands. Starfsmenn eru 6.

1996

Sjávarútvegssjóður Íslands stofnaður. Starfsmenn eru 8.

1997

Starfsemin flutt í Skipagötu 9. Tryggvi Tryggvason ráðinn framkvæmdastjóri. Bjarni Ármannsson kosinn formaður stjórnar en Sigurður Einarsson tekur við af honum síðar á árinu. Starfsmenn eru 10.



Nokkrir starfsmenn ÍV árið 1998

1998

Aukin áhersla lögð á eignastýringu. Kaupþing Norðurlands er vinsælasta verðbréfafyrirtækið hjá íbúum utan höfuðborgarsvæðisins, samkvæmt könnun. Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson ráðinn framkvæmdastjóri. Starfsmenn eru 11 og eignir í stýringu nema 800 milljónum króna.

1999

Sparisjóður Norðlendinga eignast meirihluta í félaginu. Jón Björnsson kosinn formaður stjórnar. Sævar Helgason ráðinn framkvæmdastjóri. Tækifæri stofnað að frumkvæði Íslenskra verðbréfa. Starfsmenn eru 15.

2000

Nafni félagsins breytt í Íslensk verðbréf. Ákveðið að eignastýring verði að aðalstarfssviði félagsins. Starfsmenn eru 16 og eignir í stýringu nema 5 milljörðum króna.

2001

Lífeyrissjóður Norðurlands kaupir 15% hlut í félaginu. Kári Arnór Kárason kosinn formaður stjórnar. Starfsmenn eru 16 og eignir í stýringu nema 15 milljörðum króna.

2002

Starfsemin flutt í Strandgötu 3. Skuldabréfasjóður ÍV, Ríkisskuldabréfasjóður ÍV og Hlutabréfasjóður ÍV stofnaðir. Starfsmenn eru 16 og eignir í stýringu nema 25 milljörðum króna.

2003

Peningamarkaðssjóður ÍV og Heimssjóður ÍV stofnaðir. Félagið semur um rekstur á tveimur fjárfestingarfélögum á Austfjörðum. Starfsmenn eru 16 og eignir í stýringu nema 36 milljörðum króna.

2004

Starfsmenn eru 17 og eignir í stýringu nema 56 milljörðum króna.

2005

Íslensk eignastýring ehf. kaupir 35% hlut í félaginu. Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV stofnaður. Starfsmenn eru 16 og eignir í stýringu nema 75 milljörðum króna.

2006

Besta rekstrarár í sögu félagsins. Starfsmenn eru 18 og eignir í stýringu nema 90 milljörðum króna.

2007

Íslensk verðbréf hf. fagnar 20 ára afmæli. Alþjóðlegur hávaxtásjóður ÍV stofnaður. Starfsmenn eru 18 talsins og markmið ársins að eignir í stýringu fari yfir 100 milljarða króna.



Sævar Helgason og Sveinn Torfi Pálsson árið 1999



Arnar Árnason, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Guðmundur Bjarnar Guðmundsson



Halldór Jónsson ásamt Sævari Helgasyni árið 2000, þegar nafni félagsins var breytt í Íslensk verðbréf hf.



Knattspyrnulið ÍV árið 2003



Sveinn Torfi Pálsson ásamt Steinþóri Ólafssyni



Nokkrir starfsmenn ÍV á toppi Kaldbaks vorið 2006

Eignastýring - lykill að stöðugri ávöxtun

Eignastýring Íslenskra verðbréfa hf. er þjónusta sem hentar einstaklingum jafnt sem lögaðilum. Markmið eignastýringar er að hámarka ávöxtun eigna að teknu tilliti til áhættu

Eitt aðalmarkmið þeirra sem eiga sparifé er að ná sem bestri ávöxtun og þar með bæta lífskjör sín og fjölskyldunnar. Afar misjafnt er hvernig þessum markmiðum er náð; sumir hafa sparnaðinn á bankabók, aðrir fjárfesta í hlutabréfum og enn aðrir dreifa sparnaðinum á nokkra eignaflokka í því skyni að draga úr áhættu. Vaxandi hópur felur sérfræðingum á verðbréfamarkaði ávöxtun sparifjárins. Fyrsta skrefið hjá þessum hópi er að gera sér grein fyrir markmiðum sparnaðarins.

Sérfræðingar Íslenskra verðbréfa (ÍV) aðstoða sparifjäreigendur í markmiðasetningunni. Í upphafi er kannað hvaða væntingar eru gerðar til sparnaðarins og hver markmiðin eru, en þar er m.a. tekið tillit til aldurs sparifjäreiganda, væntinga til ávöxtunar, áhættu og sparnaðartíma. Í kjölfar markmiðasetningar mótar sparifjäreigandinn fjárfestingarstefnu í samvinnu við sérfræðinga ÍV.

Fjárfestingarstefnan markar ramma utan um þá eignaflokka sem heimilt er að fjárfesta í og endurspeglar þau ávöxtunarmarkmið sem fjárfestir vill ná. Í framhaldinu fjárfesta sérfræðingar ÍV innan þessarar stefnu að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Fjárfestingarstefna


Sparifjäreigendur hafa um fjölmargar leiðir að velja við ávöxtun sparifjár og mögulegt er að fjárfesta í ýmsum eignaflokkum. Þessir eignaflokkar hafa misjafna eiginleika og er vænt ávöxtun, og þá um leið áhætta, misjöfn á milli þeirra. Algengustu eignaflokkarnir sem standa til boða eru innlend og erlend hlutabréf og skuldabréf.

Þegar horft er yfir lengra tímabil hafa hlutabréf að jafnaði gefið hærri ávöxtun en skuldabréf en þeim geta jafnframt fylgt meiri sveiflur í ávöxtun og þar af leiðandi meiri áhætta. Af þessum sökum getur verið skynsamlegt fyrir sparifjäreigendur að dreifa sparifé á nokkra eignaflokka. Sú aðgerð felur í sér áhættudreifingu og eykur líkur á stöðugri ávöxtun. Það krefst góðs undirbúnings að setja saman eignasafn og því er æskilegt að leita til sérfræðinga sem þekkja til þeirra eignaflokka sem í boði eru. Sérfræðingar ÍV hafa mikla reynslu af slíkri vinnu.

Virk eignastýring

Tilgangur eignastýringar er að beina sparifé í þá eignaflokka sem talið er að gefi besta ávöxtun á komandi misserum og flytja úr eignaflokkum þar sem talið er að horfur séu lakari. Það hefur sýnt sig að virk stýring á sparifé á milli eignaflokka getur verið mjög árangursrík og aukið ávöxtun umtalsvert. Ávöxtun einstakra eignaflokka getur verið afar misjöfn og horfur geta breyst verulega á skömmum tíma. Því skiptir miklu máli að vera tilbúinn að skipta á milli eignaflokka þegar aðstæður breytast. Sérfræðingar ÍV fylgjast vel með þróun eignaflokka á degi hverjum og hafa náð góðum árangri í eignastýringu.

Mynd 1: Fjárfestingarferlið



Þegar skoðaður er árangur eignastýringar ÍV á tveimur stöðluðum fjárfestingarleiðum árið 2006 kemur í ljós að stýringin skilaði góðum árangri. Myndir 2 og 3 sýna þann mun mjög vel en á þeim sést annars vegar ávöxtun safnanna og hins vegar ávöxtun viðmiðs en viðmiðið er miðgildi hvers eignaflokks í undirliggjandi fjárfestingarstefnu. Á mynd 2 er sýnd ávöxtun safns þar sem stærstur hluti eignanna er í skuldabréfum. Þar gefur virka stýringin um 3,5% hærri ávöxtun



en miðgildi fjárfestingarstefnunnar. Það segir okkur að tilfærsla á milli eignaflokka á umræddu tímabili skilaði safninu aukinni ávöxtun sem nemur 3,5%.

Á mynd 3 má sjá safn þar sem innlend og erlend hlutabréf hafa mikil áhrif á ávöxtun safnsins. Í þessu tilviki munar enn meiru á ávöxtun eftir því hvort stýringin er virk eða hlutlaus. Tilfærsla á milli eignaflokka á árinu 2006 skilaði safninu aukinni ávöxtun sem nemur 6%.

Af þessum tveimur dæmum má glögg sjá að það getur skipt mjög miklu máli að færa eignir á milli eignaflokka eftir aðstæðum á mörkuðum hverju sinni. Góð leið til þess er að leita aðstoðar sérfræðinga sem starfa á verðbréfamarkaði.

Valkostir í stýringu


Íslensk verðbréf bjóða upp á nokkrar leiðir í eigna- og sjóðastýringu þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Sérfræðingum ÍV er falin ávöxtun sparifjárins og að leggja mat á þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Lágmarksfjárhæð í Sjóðastýringu ÍV er 1,5 milljón króna og er áherslan lögð á stýringu í gegnum verðbréfasjóði. Í Sjóðastýringu ÍV eru notaðir sjóðir sem spanna alla helstu eignaflokka. Með því að fjárfesta í sjóðum er hægt að ná mikilli áhættudreifingu á einfaldan hátt og með litlum tilkostnaði. Í Eignastýringu ÍV eru verðbréfasjóðir notaðir samhliða kaupum á stökum bréfum svo sem hlutabréfum og víxlum.

Viðskiptavinir fá reglulega send yfirlit yfir stöðu safnsins og hreyfingar. Einnig má ávallt nálgast upplýsingar um stöðu eignasafna í gegnum heimasíðu Íslenskra verðbréfa, www.iv.is. Árangur af stýringunni er metinn sameiginlega í lok hvers árs af sérfræðingi ÍV og viðskiptavini.

Við tökum vel á móti þér.

*Starfsfólk eignastýringarsviðs
Íslenskra verðbréfa hf.*

Mynd 2: Ávöxtun sjóðastýringar II á árinu 2006



Mynd 3: Ávöxtun eignastýringar III á árinu 2006



Afmæliskveðja frá Akureyrarbæ

Fyrir hönd Akureyrarbæjar óska ég Íslenskum verðbréfum hf. til hamingju með afmælið

Kaupþing Norðurlands, sem var undanfari Íslenskra verðbréfa, var stofnað að frumkvæði þáverandi bæjarstjóra, Sigfúsar Jónssonar árið 1987. Þetta verkefni var undirbúið vel og leynilega. Í upphafi voru hluthafar Kaupþing, Akureyrarbær, KEA og 7 sparisjóðir.

Fyrirspurn var gerð í bæjarstjórn Akureyrar árið 1988 varðandi hverju starfsemi KN hefði skilað bænum og svar bæjarstjóra var á þessa leið: Að þekking og þjónusta á sviði verðbréfa-viðskipta hafi komið á svæðið með starfsemi KN og félagið jafnframt stuðlað að aukinni fræðslu í samfélaginu. Samkeppni og aðhald í þessum fjármálagæira hafi jafnframt aukist. Einnig hafi mun meira fjármagn komið inn á svæðið heldur en farið hafi út af því og það skipti ekki síður máli. Þannig að strax nokkrum mánuðum eftir stofnun KN var ljóst að tilkoma þess hafði haft góð áhrif á atvinnulífið hér nyrðra. Akureyrarbær dró sig út úr félaginu árið 1996 og seldi sinn hlut.

Það er styrkur fyrir Akureyri að Íslensk verðbréf hafi starfsemi

sína hér en ég tel að það sé ekki síður styrkur fyrirtækisins að vera staðsett á Akureyri og það eykur sérstöðu þess.

Reynslan af rekstri ÍV hefur sannað að þekkingarfyrirtæki sem hefur á að skipa vel menntuðum og færum starfsmönnum er ekki háð staðsetningu. Ef stefnan og markmiðin eru skýr þá eru allir vegir færir. Staðsetningin á ekki að vera hamlandi þáttur.

Við þurfum ekki annað en sjálfstraust, kjark og þor og það sannar saga Íslenskra verðbréfa. Fyrirtækið er okkur Akureyringum mikilvægt og vonandi mun það vaxa og dafna um ókomin ár og verða áfram mikilvægur hlekkur í atvinnulífi á Akureyri.

*Sigrún Björk Jakobsdóttir,
bæjarstjóri á Akureyri*



Afmælisgetraun

Taktu þátt í einfaldri getraun í tilefni af 20 ára afmæli okkar með því að svara þremur laufléttum spurningum. Svörin við þeim getur þú fundið á síðum þessa fréttabréfs. Veglegir vinningar eru í boði. Dregið verður úr réttum svörum 31. maí 2007.

1 Hvenær var Íslensk verðbréf hf. stofnað?

- A = 2001
 B = 1997
 C = 1987

2 Hversu mörgum milljörðum króna stýrir félagið fyrir viðskiptavini sína?

- A = 1 milljarði
 B = 10 milljörðum
 C = 90 milljörðum

3 Hversu margir starfa hjá félaginu?

- A = 18
 B = 5
 C = 11

Vinningar eru eftirfarandi:

1. vinningur: 50.000 króna inneign í Hlutabréfasjóði ÍV
2. vinningur: 30.000 króna inneign í Hlutabréfasjóði ÍV
3. vinningur: 20.000 króna inneign í Hlutabréfasjóði ÍV

Svör við spurningum er hægt að senda með tölvupósti á iv@iv.is, með því að fara á heimasíðuna, www.iv.is, eða með því að senda okkur bréfpóst á heimilisfangið;

Íslensk verðbréf hf.
Afmælisgetraun
Strandgötu 3,
600 Akureyri



Afmæliskveðja

Stofnun Kaupþings Norðurlands hf., sem seinna varð Íslensk verðbréf hf.

Í ársbyrjun 1987 vaknaði sú hugmynd hjá deildarstjórum Kaupþings að óplægðan akur fyrir fjármálafyrirtæki væri að finna utan höfuðborgarsvæðisins á Akureyri og var rætt við KEA, Akureyrarbæ og nokkra sparisjóði við Eyjafjörð og Siglufjörð um að taka þátt í stofnun verðbréfafyrirtækis á Akureyri. Áður höfðu myndast tengsl við SÍS vegna útgáfu skuldabréfa. Kaupþing Norðurlands var svo stofnað í fundarsal Hótel KEA þann 11. apríl 1987 með mikilli leynd því menn óttuðust að Landsbankinn myndi stofna slíkt fyrirtæki með hraði ef hann yrði þessa áskynja. Kaupþing lagði fram 55% hlutfjár, KEA og Akureyrarbær 15% hvort og 7 sparisjóðir lögðu fram 15% samtals. Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri KEA fór fyrir norðanmönnum enda reyndur mjög í slíkum málum og var mjög gaman að vinna með honum. Í stjórn voru kjörnir: Pétur H. Blöndal, Björn Jónasson Siglufirði, Friðrik Friðriksson Dalvík, Sigfús Jónsson Akureyri og Magnús Gauti Gautason. Kaupþing Norðurlands var fyrsta verðbréfafyrirtækið sem stofnað var utan Reykjavíkur.

Mjög erfiðlega gekk að finna framkvæmdastjóra fyrir fyrirtækið með þá þekkingu og menntun sem við gerðum kröfu til, sem tilbúinn væri að flytja norður, og stýrði einn deildarstjóri Kaupþings, Andrea Rafnar, fyrirtækinu í hálf t. Flaug hún jafnan heim um helgar en bjó fyrir norðan. Eftir langa leit fannst svo ágætur maður, Jón Hallur Pétursson, ættaður að norðan en nýkominn frá námi, til að stýra fyrirtækinu og eftir það byggðist slík þekking hægt upp fyrir norðan. Til félagsins réðst líka Erla Hólmsteinsdóttir sem varð fljótlega mikil kjölfesta í fyrirtækinu og er enn.

Reksturinn var smár í sniðum fyrstu árin eins og reyndar rekstur Kaupþings hafði verið í upphafi en það var stofnað 5 árum fyrr af 8 einstaklingum.

Markmið mitt með stofnun Kaupþings Norðurlands var að veita sparifjáreigendum á Norðurlandi sambærilega þjónustu og í Reykjavík en bæði fyrirtækin voru fyrst til að gæta hagsmuna sparifjáreigenda, sem höfðu verið hlunnfarnir endalaust með neikvæðri ávöxtun og rýrnandi sparifé í bönkum landsins. Má jafnvel líta á sprotafyrirtækin Kaupþing og Kaupþing Norðurlands sem uppreisn gegn stöðnuðu fjármálakerfi landsins með alþekktum yfirfullum biðstofum bankastjóra og fyrirgreiðslum þar sem allt snerist um lántakendur. Spariféð sem Kaupþing Norðurlands tók á móti var svo ávaxtað með eins góðri ávöxtun og hægt var og aldrei spurt um ættir eða flokksaðild lántakenda heldur hvernig þeir ætluðu að greiða lánin til baka og græða á viðskiptunum. Það var mikilvægt.

Íslensk verðbréf hf., áður Kaupþing Norðurlands, hefur dafnað ótrúlega og staðið fyllilega undir þeim væntingum sem ég hafði þennan frostkalda, snævi þakta vetrardag fyrir 20 árum á Akureyri. Ég óska félaginu til heilla með afmælið og vona að það blómstri áfram og standi við bakið á norðenskum sparifjáreigendum og veiti viðskiptavinum fljóta og góða afgreiðslu.

Pétur Blöndal,
alþingismaður




90 milljarða markinu náð

Íslensk verðbréf hf. náði þeim merka áfanga seint á árinu 2006 að fjármunir í stýringu fóru yfir 90 milljarða króna

Mikill vöxtur hefur orðið á fjármunum í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum hf. frá árinu 2001 þegar samsvarandi tala nam 15 milljörðum króna. Helstu ástæður mikils vaxtar má meðal annars rekja til sérstöðu félagsins á innlendum fjármálamarkaði, góðs árangurs í stýringu á eignum viðskiptavina og góðrar þjónustu starfsfólks félagsins. Viðskiptavinir félagsins eru m.a. lífeyrissjóðir, ýmis félög og stofnanir, sjóðir og einstaklingar. Viðskiptavinum félagsins hefur fjölgað ört á þessu tímabili.

Á þessu 20 ára afmælisári Íslenskra verðbréfa hf. er markmiðið að fjármunir í stýringu fari yfir 100 milljarða króna markið. Íslensk verðbréf hf. er sérhæft eignastýringarfyrirtæki sem leggur höfuðáherslu á góða þjónustu og traust, öguð og vönduð vinnubrögð.

Eignir í stýringu



Starfsfólk Íslenskra verðbréfa hf.



Arne Vagn Olsen
er forstöðumaður markaðs- og viðskiptaþróunar.
Hann hóf störf hjá félaginu í nóvember 1999



Ásgeir Ásgeirsson
er forstöðumaður verðbréfa- miðlunar.
Hann hóf störf hjá félaginu í febrúar 1999



Björn Gíslason
er sjóðstjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í apríl 2007



Björn Snær Guðbrandsson
er forstöðumaður eignastýringar.
Hann hóf störf hjá félaginu í ágúst 2001



Erla Hólmsteinsdóttir
sinnir sérverkefnum.
Hún hóf störf hjá félaginu þegar það var stofnað í apríl 1987



Guðmundur B. Guðmundsson
er forstöðumaður bókhalds- og bakvinnslu.
Hann hóf störf hjá félaginu í september 1994



Guðrún Jóhannsdóttir
annast uppgjör viðskipta sem tengjast eignasöfnum.
Hún hóf störf hjá félaginu í september 1999



Hafsteinn Lúðvíksson
vinnur við bókhald félagsins og beira sjóða sem það rekur.
Hann hóf störf hjá félaginu í júlí 1997



Jón Helgi Pétursson
er framkvæmdastjóri Rekstrarfélags verðbréfasjóða IV hf.
Hann hóf störf hjá félaginu í maí 2004



Ottó Bíering Ottósson
er sjóðstjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í maí 2006



Sigurbjörg Guðmundsdóttir
annast uppgjör viðskipta.
Hún hóf störf hjá félaginu í september 1996



Sigurvin Sigurjónsson
sér um miðlun verðbréfa.
Hann hóf störf hjá félaginu í júlí 2005



Stefán B. Gunnlaugsson
sinnir greiningarvinnu á eignastýringarsviði.
Hann hóf störf hjá félaginu í maí 2006



Sveinn Torfi Pálsson
er skrifstofustjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í janúar 1993



Sævar Helgason
er framkvæmdastjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í júlí 1998



Unnur Guðmundsdóttir
annast símsvörun og móttöku viðskiptavina.
Hún hóf störf hjá félaginu í júní 2000



Valdimar Pálsson
er sjóðstjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í febrúar 2001



Þorvaldur Þorsteinsson
er sjóðstjóri.
Hann hóf störf hjá félaginu í nóvember 2006



Árin 20 hjá Íslenskum verðbréfum hf. rifjuð upp

Sýslað með spariskírteini ríkissjóðs fyrstu árin

Það er gaman að líta um öxl og rifja upp upphafsárin hjá Kaupþingi Norðurlands, síðar Íslenskum verðbréfum, og þá öru þróun sem orðið hefur í verðbréfavíðskiptum hér á landi síðastliðin 20 ár.

Á þessum tíma var verðbólga mikil og skapaði það mikið ósamræmi í því að öll lán voru verðtryggð en innstæður í bönkum óverðtryggðar og því rýrnuðu eignir á bankabókum að raungildi en lánin ekki.

Ég hafði unnið í bönkum bæði hér heima og erlendis og fylgdist með þessum málum. Þegar ég sá að það átti að fara að opna sjálfstætt starfandi verðbréfafyrirtæki hér á Akureyri, sem byði viðskiptavinum að leggja sparnað sinn í verðtryggð bréf, þá fannst mér það spennandi kostur og ákvað að sækja þar um vinnu.

Í apríl 1987 réð Andrea Rafnar mig en hún kom frá Kaupþingi í Reykjavík sem var stærsti hluthafinn í þessu nýja fyrirtæki. Til að byrja með kom starfsfólk frá Kaupþingi norður til þess að stýra fyrirtækinu því treglega gekk að ráða framkvæmdastjóra. Jón Hallur Pétursson var svo ráðinn framkvæmdastjóri um haustið.

Fyrstu árin vorum við aðallega að sýsla með spariskírteini ríkissjóðs, ríkis- og bankavíxla og verðbréfasjóði sem voru í umsjón Kaupþings. Síðar fóru hlutabréfavíðskipti að verða umfangsmeiri og þegar farið var að veita skattaafslátt vegna

kaupa á hlutabréfum var oft fullt út úr dyrum í desembermánuði og sama fólk kom ár eftir ár á gamlársdag til þess að nýta sér skattaafsláttinn.

Ég man eftir einni sögu frá fyrstu árunum. Ung kona kom til okkar, sem ekki var ánægð með ávöxtunina á peningum sem hún hafði lagt inn á bók fyrir son sinn. Drengnum hafði verið gefin vegleg peningaupphæð í skirnargjöf og hefði móðirin getað keypt fínasta barnavagninn á markaðinum fyrir upphæðina. Hún ákvað samt að leggja peningana inn á bankabók og láta þessa stóru gjöf ávaxta sig. Þegar drengurinn var fermdur og tekið var út af bankabókinni „góðu“ þá nægði peningurinn ekki fyrir einum gallabuxum á hann. Verðbólgan hafði heldur betur rýrt þessa veglegu gjöf.

Í gegnum árin hef ég unnið með mörgu ungu og skemmtilegu fólki og hef alltaf verði elst í hópnum og getað verið mamma flestra. Samstarfið hefur alltaf gengið vel og það hefur verið skemmtilegt að fylgjast með og taka þátt í vexti og velgengni Íslenskra verðbréfa.

*Erla Hólmsteinsdóttir,
starfsmaður Íslenskra verðbréfa
til 20 ára*



Erla á skrifstofu Íslenskra verðbréfa árið 1997



Erla (lengst til hægri) ásamt systur sinni, Hugrúnu Hólmsteinsdóttur, og móður, Margrétu Sveinbjörnsdóttur, við opnun Kaupþings Norðurlands í nýju húsnæði að Skipagötu 9, árið 1997





Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

SJÓÐASTÝRING ÍV

Sjóðastýring I

Safn þar sem fjárfest er að lágmarki 70% í skuldabréfasjóðum

Sjóðastýring II

Safn þar sem fjárfest er að lágmarki 50% í skuldabréfasjóðum

Sjóðastýring III

Safn þar sem allt að 70% er fjárfest í hlutabréfum

KOSTIR SJÓÐASTÝRINGAR ÍV

- Virk stýring miðað við aðstæður á markaði
- Lægri viðskiptakostnaður
- Beinn aðgangur að sérfræðingum
- Upplýsingar um eignastöðu í gegnum vef ÍV
- Lágmarksupphæð 1,5 mkr.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!